



Úr verslun Meginmarkmið með nýrri lagasetningu er að stuðla að neytendavernd með því að tryggja matvælaöryggi og réttar upplýsingar.

Ný matvælaölggjöf og neytendavernd

NÚ hafa verið gerðar breytingar á lögum um matvæli, fóður, dýrasjúkdóma, dýralækna og öðrum lögum um öryggi matvæla. Meginmarkmið með nýrri lagasetningu er að stuðla að neytendavernd með því að tryggja matvælaöryggi og réttar upplýsingar um eðli og samsetningu matvæla. Auknar skyldur eru lagðar á matvælaafyrirtækin, sem eru ábyrg fyrir öryggi matvæla, auk þess sem opinbert eftirlit tekur breytingum sem einnig varða starfsemi matvælaafyrirtækja:

1. Breyting á lögum um matvæli, fóður og sjávarafurðir tekur gildi 1. mars n.k. Þá mun Matvælastofnun (MAST) taka yfir eftirlit með eggjavinnslum, mjólkurstöðvum og kjötvinnslum, nema í smásölu (s.s. kjötvinnsla í stórmörkuðum), en þar fer heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga eftir sem áður með eftirliti.
2. Eftirlitssamningar skoðunarstofa við vinnslu- og starfsleyfishafa í sjávarútvegi falla úr gildi 1. mars 2011. Frá þeim tíma tekur MAST yfir þessi verkefni eða gerir samning við faggiltar skoðunarstofur um að þær annist eftirlit með vinnslu sjávarafurða í umboði stofnunarinnar.

3. Löggjöf um búfjárafurðir (mjólk, kjöt og egg) tekur breytingum 1. nóvember 2011 og frá sama tíma verður umdæmisskrifstofum MAST fækkað úr 14 í 6. Í hverju umdæmi munu starfa héraðsdýralæknir og eftirlitsdýralæknar, auk annarra eftirlitsmanna, en héraðsdýralæknir mun eingöngu sinna opinberu eftirliti.

Með nýrri löggjöf verður áfram óheimilt að flytja til landsins hrá egg og hrátt kjöt nema ráðherra veiti til þess leyfi að fengnum meðmælum MAST, en stofnunin mun jafnframt sjá um eftirlit með inn- og útflutningi og reka landamærastöðvar til eftirlits með innflutningi dýraafurða frá ríkjum utan EES.

Áður en langt um líður verða gefnar út nýjar reglugerðir sem fylgja í kjölfar gildistöku nýrra laga. Þessar umfangsmiklu breytingar hafa áhrif á eftirlitsaðila, framleiðendur og innflytjendur og þar með einnig hagsmuni neytenda. Fræðslustarf á árinu mun taka mið af þessu og beinast að hagsmunaaðilum ekki síður en eftirlitsaðilum og að upplýsingagjöf til neytenda.